

Ed.

42. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson.

Fyrri málsliður 24. greinar laganna orðist þannig:

Í skuldabréfum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að séu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í réttan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða $\frac{3}{4}\%$ af vangoldnum vöxtum og afborgunum fyrir hvern mánuð, sem liður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gerð.

G r e i n a r g e r ð .

Í 24. gr. söfnunarsjóðslaganna er svo ákveðið, að dráttarvextir af lánum einstakra manna skuli vera einn eyrir af hverjum fullum 200 kr. lánsins fyrir hvern dag, sem liður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gerð. Ákvæði þetta virðist vera mjög ósanngjarnt gagnvart skuldunaut, sem lendir í vanskilum vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem nú á þessum tímum munu vera nokkur dæmi til, þar sem dráttarvextir þessir svara til 30% vaxtavaxta, miðað við núverandi útlánsvexti sjóðsins.

Með frv. er farið fram á að breyta þessu ákvæði þannig, að dráttarvextirnir svari til 9% ársvaxta af vangoldnum höfuðstól eða vöxtum, og virðist ekki nein sérstök ástæða til að heimila sjóðnum hærri dráttarvexti, þó þjóðnytjastofnun sé.